

35. Ársþing KAÍ, 27. febrúar 2022

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2021 - 2022:	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
Frá formanni.	4
Daði með brons á Adidas USA Open.	5
Mikið líf í karate á RIG21	6
1. Bikarmót KAÍ 2021	7
34. Karateþing 28. febrúar 2021	8
1. GrandPrix mót KAÍ 2021	8
Íslandsmeistarmót fullorðinna í kata 2021 FRESTAÐ	9
Nýir dómara í kata	9
Íslandsmeistaramót unglinga og barna í kata 2021	10
Formannafundur KAÍ 15. maí	12
Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna 2021	14
Nýr landsliðsþjálfari í kata	16
Nýr landsliðsþjálfari í kumite	16
Þórður í 9. sæti á EM U21 í karate	17
Nýtt landslið í kumite	18
2. GrandPrix mót KAÍ 2021	20
Nýir dómara í kumite	20
ÍM og ÍMU í kumite 2021	21
Þórður Jökull á Solna Karate Cup	23
HM í karate 2021	24
Nýir dómara í kumite	25
Frábær árangur á NM í karate	25
6 keppendur á WKF Youth League Venice	29
Karatekona og karatemaður ársins 2021	29
NEFNDIR	31
Aganefnd	31
Dómaranefnd	31
Landsliðsnefnd	31
Mótanefnd	31
Landsliðsþjálfarar	31
ÚRSLIT MÓTA Á ÁRINU 2021	32
Reykjavík International Games 2021 – Karate open	32
1. Bikarmót KAÍ 2021	35
1. GrandPrix mót KAÍ 2021	37
Íslandsmeistaramót unglinga í Kata	40
Íslandsmeistaramót barna í Kata	43
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata	45
2. GrandPrix mót KAÍ 2021	46
Íslandsmeistaramót unglinga í Kumite 2021	49
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite 2021	51
2. Bikarmót KAÍ 2021	52
3. GrandPrix mót KAÍ 2021	53
3. Bikarmót KAÍ 2021	56
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI 2021.	57

Karatesamband Íslands

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	59
AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2021 - 2024.....	62
REGLUGERÐIR Í GILDI 31.12.2021	65
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARMÓT	65
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI.....	70
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	70
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	71
REGLUR UM KARATEDÓMARA.	72
FERÐAREGLUR KAÍ.....	73
REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	74
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	75
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	76
Rekstrar- og efnahagsreikningur KAÍ 1/1 – 31/12 2021.....	77

Stjórn KAÍ 2021 - 2022:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Elías Guðni Guðnason	vara-formaður
María Jensen	gjaldkeri
Rut Guðbrandsdóttir	meðstjórnandi
Hafþór Sæmundsson	meðstjórnandi
Katrín Ingunn Björnsdóttir	varamaður
Sigþór Samúelsson	varamaður
Ævar Austfjörð	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2021 einkenndist af Covid-19, sóttvörnum og breytilegum sóttvarnareglum. Í upphafi árs reyndi stjórn og mótanefnd að halda mót innanlands innan sóttvarnareglna stjórnvalda og var farið í að skilja að 16 ára og eldri keppendur frá þeim yngri. Þannig voru flokkar færðir á milli móta til að vera innan gildandi reglna í hvert sinn.

Sjaldnast voru áhorfendur leyfðir á íþróttaviðburðum og var því streymt frá mótum sambandsins á Youtube-rás þess.

Erlend mótadagskrá tók við sér um mitt árið og reyndi sambandið að senda keppendur á þau mót sem stefnt hafði verið á um vorið. Þó fór svo að hætt var við að taka þátt í Evrópumóti fullorðinna í maí í Króatíu og Smáþjóðamóti Evrópu í karate sem haldið var í Svartfjallalandi í September, þar sem enn ein covid-19 bylgjan var á uppleið.

Karatesambandið sendi keppendur á Evrópumót ungmenna í Tampere, Heimsmeistaramótið í Dubai, heimsbikarmót ungmenni á Ítalíu og Norðurlandameistaramótið sem var haldið í Stavanger í Noregi. Náðist frábær árangur á Norðurlandamótinu og er framtíðin björt þar.

Gengið var til samninga við nýja landsliðspjálfa á árinu, þau Maríu Helgu Guðmundsdóttur í kata og sænska þjálfarann, Sadik Aliosman Sadik í kumite. Þau byrjuðu bæði starfið með því að hafa opnar æfingarbúðir fyrir alla efnilega sem vildi reyna að komast í liðin og völdu nýtt landsliðsfólk úr þeim hópi.

Sambandið fékk einnig ágætan liðsstyrk þegar það réð Bjarna Ólaf Eiríksson sem Íþróttastjóra sambandsins í 4 mánuði til reynslu. Reynslan af starfi hans var það góð að stefnt er á að ráða í starfið aftur á árinu 2022.

Enn og aftur er rétt að ítreka það að Karatesambandið er og verður ekki sterkara en þær karatedeildir og þau karatefélög sem að því standa. Því verða félögin að sameinast um að taka þátt í starfinu með stjórn og nefndum sambandsins. Öll félög verða að hvetja félagsmenn sína til að gefa af sér til íþróttarinnar með því að taka þátt í sameiginlegu starfi sambandsins við mótahald og afreksverkefni. Það vantar alltaf fleiri dómara og starfsmenn á mót hér innanlands, en margar hendur vinna létt verk,

Að lokum vil ég þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Daði með brons á Adidas USA Open

Unglingalandsliðið í kata og hluti A-landsliðsins tók þátt í alþjóðlegu rafrænu katamóti, Adidas USA Open Cup, helgina 9.–10. janúar síðastliðinn.

Bestum árangri náði unglingalandsliðsmaðurinn Daði Logason úr KFR, sem vann brons í flokki U14 ára. Fimmtán keppendur voru í flokknum. Daði komst áfram í undanúrslit eftir sigur á keppendum frá Úkraínu og Indlandi. Í undanúrslitum mætti hann sigurvegara flokksins, Tom Klemz frá Englandi, og mátti gera sér bronsið að góðu.

Einnig náði Freyja Stígsdóttir, landsliðskona úr Þórshamri, bronsi í flokki U21 árs kvenna. Freyja mætti silfurverðlaunahafanum, Leu Gomolka frá Þýskalandi, í undanúrslitum og tapaði naumlega fyrir henni.

Þjálfari íslenska liðsins á mótinu var María Helga Guðmundsdóttir, aðstoðarlandsliðsþjálfari í kata.



Keppendur á USA Adidas Open Cup.

Aftari röð: Þórður, Krístrún, Ronja, Nökkvi, Björn, Úlfur, Hugl

Fremri röð: Freyja, Embla, Daði, Una, Dunja, Eydís

Aðrir keppendur og úrslit urðu sem hér segir:

5.-8. sæti:

Úlfur Kári Ásgeirsson, U14 pilta

Dunja Dagný Minic, U14 stúlkna

Ronja Halldórsdóttir, U18 stúlkna

9.-16. sæti:

Embla Rebekka Halldórsdóttir, U14 stúlkna

Eydís Magnea Friðriksdóttir, U16 stúlkna

María Bergland Traustadóttir, U16 stúlkna

Una Borg Garðarsdóttir, U16 stúlkna

Nökkvi Benediktsson, U16 pilta

Björn Breki Halldórsson, U16 pilta

Hugi Halldórsson, U16 pilta

Kristrún Bára Guðjónsdóttir, U18 stúlkna

Þórður Jökull Henrysson, U21 pilta

Mikið líf í karate á RIG21

59 þátttakendur frá 10 félögum öttu kappi í karate í Fylkisseli á RIG leikunum sunnudag 31. janúar. Þetta árið var þátttaka einskorðuð við íslenska keppendur vegna Covid en það mátti varla á sjá þar sem keppni var mjög lífleg og margar viðureignir í járnnum. Allt helsta landsliðsfólk tók þátt en keppt var í unglingaflokkum, sem og fullorðinsflokkum.

Karatefélag Reykjavíkur með flest verðlaun.

Það var Karatefélag Reykjavíkur sem stóð uppi sem samanlagður sigurvegari RIG í ár með sjö gull, þrjú silfur og níu brons og þar var Ronja Halldórsdóttir atkvæðamest fyrir Karatefélagið með tvö gull, eitt silfur og eitt brons. Næst á eftir Karatefélaginu kom Fylkir með fjögur gull, sjö silfur og tvö brons, og í þriðja sæti kom Karatefélag Akureyrar með þrjú gull, eitt silfur og eitt brons.

Eydís Magnea og Tómas valin með bestan árangur mótsins.

Eydís Magnea Friðriksdóttir, Fjölni, og Tómas Pálmar Tómasson, Breiðablik, voru valin keppendur RIG leikanna, en þau enduðu bæði með tvö gull hvort, í kata Junior og Kata Senior.

Mótsstjóri var María Jenssen og yfirdómari á mótinu Pétur Freyr Ragnarsson.

Karatesamband Íslands



Eydís, Tómas, Samuel, Ronja og Elías



Ronja Halldórsdóttir sigraði í kumite kvenna



Eydís Magnea og Tómas Pálmar

1. Bikarmót KAÍ 2021

Fyrsta Bikarmót KAÍ 2021 fór fram í Fylkishöllinni, laugardaginn 27. febrúar.

Vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda var ákveðið að færa keppendur 16-17 ára sem áttu að keppa á 1. GP mótinu yfir á Bikarmótið. Því var keppt í 16-17 ára flokkum í kata og kumite auk opnum flokkum fullorðinna í kata og kumite.

28 keppendur voru skráðir til leiks frá 10 félögum. Engir áhorfendur voru leyfðir á mótin en streymt frá því á Youtube síðu Karatesambandsins.

34. Karateþing 28. febrúar 2021

34. Karateþing var haldið sunnudaginn 28. febrúar í D-sal Íþróttamiðstöðvarinnar Laugardal.

Vegna breyttra sóttvarnareglna stjórnvalda var hægt að boða fullann fjölda þingfulltrúa frá félögum. Um 20 fulltrúar sóttu þingið frá 8 karatefélögum og -deildum.

Gunnar Bragason, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSí var gestur á þinginu. Bar hann kveðjur frá Forseta, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn ÍSí.

Þingað var í skugga Covid-19 og fóru allar umræður fram í pontu.

Reikningar sambandsins voru samþykktir, fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og Afreksstefna fyrir næstu 4 ár.

Stjórnin gaf öll kost á sér til endurkjörs og var kosin með lófaklappi.

Einn nýr stjórnarmaður var kosinn í varastjórn, Katrín Ingunn Björnsdóttir.

Streymt var frá þinginu á Youtube-rás Karatesambandsins: <https://youtu.be/YTUPdh-vbzg>



Stjórn KAÍ 2021-2022. Frá vinstri, Einar, Elías, Katrín, Reinharð, María, Sigþór, Hafþór og Rut.

1. GrandPrix mót KAÍ 2021

Karatesamband Íslands

1. GarndPrix mót KAÍ 2021 fór fram í Fylkisselinu, laugardaginn 6. mars.

Vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda voru 16-17 ára sem áttu að keppa á 1. GP-mótinu yfir á Bikarmótinu. Því var keppt í 14-15 ára flokkum í kata og kumite fyrir hádegi og 12-13 ára flokkum í kata og kumite eftir hádegi.

66 keppendur voru skráðir til leiks frá 9 karatefélögum. Engir áhorfendur voru leyfðir á mótin en streymt frá því á Youtube-síðu Karatesambandsins.

Mótsstjóri var María Jensen og yfirdómari Pétur Freyr Ragnarsson.

Íslandsmeistarmót fullorðinna í kata 2021 FRESTAÐ

Íslandsmeistarmót fullorðinna í kata 2021 sem fara átti fram laugardaginn 10. apríl í Íþróttahúsi Hagaskóla er FRESTAÐ um óákveðinn tíma.

Vegna hertra sóttvarnareglna stjórnvalda er mótinu FRESTAÐ.

Ný dagsetning er 29. maí næstkomandi, á sama stað.

Nýir dómarar í kata

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kata föstudaginn 14. maí 2021.

Helgi Jóhannesson, EKF Referee, sá um námskeiðið þar sem farið var í keppnisreglur WKF útgáfu 2020, auk þess sem farið var yfir nokkur video af kata til að skýra reglur betur út. Í framhaldi af fyrirlestrinum var haldið skriflegt og verklegt próf.

Fín þátttaka var á námskeiðinu, um 16 manns sóttu námskeiðið og af þeim fóru 6 í próf.

Þeir sem endurnýjuðu réttindi sín voru

Aron Bjarkason, Þórshamri, Judge-B

Þau sem fengu ný réttindi voru:

Móey María Sigþórsdóttir McClure, Breiðablik, Judge-A

Aron Anh Ky Huynh, ÍR, Judge-B

Hugi Halldórsson, KFR, Judge-B

Ronja Halldórsdóttir, KFR, Judge-B

Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR, Judge-B

Karatesamband Íslands

Karatesambandið vill koma á framfæri þakklæti fyrir góða þátttöku á námskeiðinu.



Helgi Jóhannesson við upphaf námskeiðsins.

Íslandsmeistaramót unglunga og barna í kata 2021

Íslandsmeistaramót unglunga 12 – 17 ára í kata fór fram laugardaginn 15. maí í Smáranum, Kópavogi og hófst kl. 11.00.

Um 60 keppendur og 14 hópkata lið voru skráð til leiks frá 10 karatefélögum og -deildum. Margir ungir og efnilegir keppendur stigu á stökk á mótinu.



Hluti sigurvegara á ÍMU kata

Karatefélag Reykjavíkur stóð uppi sem sigurvegari Félaga með 50 stig að móti loknu.

Karatesamband Íslands



Keppnislið KFR með Félagsbikarinn

Yfirdómari á mótinu var Kristján Ó. Davíðsson og mótsstjóri María Jensen.

Íslandsmeistaramót barna 11 ára og yngri fór fram sunnudaginn 16. maí á sama stað. Mótið hófst kl. 10.00 og lauk um kl. 14.00.

Um 110 börn og 20 hópkata lið voru skráð til leiks frá 9 karatefélögum og -deildum. Margur efnilegur karatemaðurinn tók þar sín fyrstu keppnisskref í íþróttinni.



Hluti sigurvegara á ÍMB kata

Karatefélagið Þórshamar sigraði á samantölum stigum í lok móts.



Keppendur frá Þórshamri með Félagbikarinn

Engir áhorfendur voru leyfðir á mótinu en streymt var fá þeim á Youtube-rás Karatesambandsins.

Formannafundur KAÍ 15. maí

Formannafundur Karatesambandsins var haldinn laugardaginn 15. maí í veislusal Breiðabliks, Smáranum, milli kl. 9.00 – 10.00.

Um 17 fulltrúar frá 10 karatefélögum og -deildum sóttu fundinn auk stjórnar KAÍ.

Formaður Karatesambandsins, Reinharð Reinharðsson, stýrði fundinum.

Helstu mál sem voru kynnt og rædd voru:

A) Starfsmaður KAÍ: Bjarni Ólafur Eiríksson, afreksstjóri.

Yfirumsjón með landsliðsverkefnum, afrekshópum, samskipti við afrekspjálfa og starfsmenn auk annarra verkefna. Starfið er í mótun.

Mun sjá um skráningu á erlend mót, panta flug og gistingu fyrir landslið og fylgdarmenn frá KAÍ.

Gerir ferðaáætlun fyrir erlend mót.

Setur upp æfingaáætlun fyrir landsliðshópa í samstarfi við afrekspjálfa.

Verður tengiliður KAÍ við karatefélög og deildir. Sér um samfélagsmiðla KAÍ og frétttilkynningar tengdar landsliðsverkefnum.

B) Ný stefna í landsliðsmálum KAÍ.

Karatesamband Íslands

Ráðnir verða landsliðsþjálfarar í kata og kumite í ákveðin landsliðsverkefni eða til styttri tíma í senn. Landsliðsþjálfarar munu sjá um æfingar og undirbúning fyrir ákveðin landsliðsverkefni. Flest ár eru 5 landsliðsverkefni, HM, EM og EMU21, NM og Smáþjóðamót, tvö að vori og þrjú að hausti. Einnig verða 2-4 minni mót á dagskrá landsiðsins hvert ár sem eru til að öðlast reynslu erlendis. Haldnar verða opnar æfingar í upphafi áætlunar og landsliðshópur valinn. Stefnt á að hafa æfingabúðir fram að erlendu verkefnunum frekar en fastar æfingar. Meiri áhersla lögð á að landsliðsfólk æfi í sínum félögum milli landsliðsverkefna.

Samningar við Helga Jóhannesson og Maríu Helgu Guðmundsdóttur renna út 31. maí næstkomandi. Samningur við Halldór Stefánsson rann út 31. janúar síðastliðinn. Hann hefur lokið stöfum fyrir KAÍ. Samningi við Ingólf Snorrason var sagt upp 30. apríl síðastliðinn og uppsögnin tekur gildi 30. júní. Stjórn KAÍ hefur lýst því yfir að hún fari ekki fram á að hann vinni uppsagnarfrestinn.

Ráðnir verða nýir landsliðsþjálfara nú í sumar. Landsliðsnefnd er að störfum við það verkefni.

C) Opin erlend mót – klúbbamót.

Landsliðsnefnd í samvinnu við landsliðsþjálfara og eftir tillögur frá karatedeildum og -félögum mun undirbúa mótaáætlun fyrir næsta misseri um ferðir á erlend mót. Áætlað er að styrkja keppendur úr landsliðshópum og félagsþjálfara til þátttöku á erlendum mótum. Landsliðsnefnd mun leggja fyrir stjórn KAÍ fjárhagsáætlun fyrir næsta ár til samþykktar. Þar mun koma fram hve margir verða styrktir í ákveðin verkefni. Karatefélögin og – deildir geta sótt um að senda keppendur úr landsliðshópum og félagsþjálfara í ákveðin verkefni. KAÍ mun gera samning við 1-2 félagsþjálfara um að taka að sér undirbúning fyrir ferðina og greiðir fyrir þá flug og gistingu. Ferðin verður opin fyrir keppendur frá öllum karatefélögum og -deildum.

D) Mót innanlands.

Karatesambandið er ekki sterkara en félögin sem að því standa. Nú er svo komið að erfitt er að fá sjálfboðaliða til starfa á mótum á vegum sambandsins. Við undirbúning, á mótunum sjálfum og við frágang. Á Karateþingi fyrir nokkrum árum var samþykkt að öll karatefélög og -deildir þyrftu að tilnefna 1-2 virka starfsmenn í Mótanefnd KAÍ svo hægt væri að skipuleggja og hald mót innanlands. Nú er svo komið að einungis 4 meðlimir mótanefndar eru virkir. Við það ástand er ekki hægt að una. Stjórn KAÍ fer því fram á að þau karatefélög og -deildir sem ekki eru með virka meðlimi í mótanefnd tilnefni nýja sem allra fyrst. Að öðrum kost verður að fækka mótum á vegum KAÍ.

Einnig er viðvarandi dómaraskortur. KAÍ hefur staðið fyrir dómaranámskeiðum í kata og kumite á hverju ári. Öll karatefélög og -deildir verða að eiga réttindadómar og senda þá á mót á vegum KAÍ. Ef það gengur ekki, er næsta skref fyrir stjórn sambandsins að setja reglugerð um þátttökurétt á

Karatesamband Íslands

mótum á vegum KAÍ þar sem þau félög sem ekki eiga eða skrá ekki réttindadómara fá ekki að skrá keppendur á viðkomandi mót. Það er von stjórnar KAÍ að ekki þurfi að koma til þess.

Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna 2021

Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna 2021 fór fram laugardaginn 29. maí í Íþróttahúsi Menntavísindasviðs HÍ, Háteigsvegi. Mótið hófst kl. 10.30 og úrslit hófust kl. 13.00.

18 keppendur og 5 hópatalið frá 7 karatefélögum og -deildum tóku þátt í mótinu.

Landsliðskonurnar Freyja Stígisdóttir og Oddný Þórarinsdóttir, Aftureldingu, áttust við í úrslitum í kata kvenna og varði Freyja Stígisdóttir, Þórshamri, titil sinn frá fyrra ári.

Í kata karla áttust þeir Þórður Jökull Henrysson, Aftureldingu, og Tómas Pálmar Tómasson, Breiðabliki, við og varð niðurstaðan sú sama og í árið áður. Þórður Jökull stóð uppi sem Íslandsmeistari annað árið í röð.

Hóplatalið Breiðabliks 1, sigraði í liðakeppni karla annað árið í röð og hópatalið Þórshamars bar sigurorð af hópataliði Karatefélags Reykjavíkur í kvennaflokki.

Karatefélag Reykjavíkur varð síðan sigurveigari félagsliða með 11 stig samanlagt, einu stigi á undan Breiðablik.

Yfirdómari á mótinu var Kristján Ó. Davíðsson og mótsstjóri María Jensen.



Freyja Stígisdóttir og Þórður Jökull Henrysson

Karatesamband Íslands



Allir vinningshafar mótsins



Oddný, Freyja, Eydís og Sigríður



Tómas, Þórður, Hugi og Elías

Nýr landsliðspjálfi í kata

Stjórn Karatesambandsins skrifaði í dag undir samning við Maríu Helgu Guðmundsdóttur um að taka að sér þjálfun landsliðsins í kata frá og með 1. júní 2021 og út nóvember 2021.

Unglinga og fullorðins landsliðin mun nú verða sameinuð í einn landsliðshóp í kata en úr honum verða valdið keppendur í ákveðin verkefni. Auk þess gætu komið til minni mót sem undirbúningur fyrir hin stærri.

Á tímabilinu er stefnt á að taka þátt í 4 stórum landsliðsverkefnum, Evrópumóti ungmenna 14-21 árs í Finnlandi, Smáþjóðamóti Evrópu sem verður haldið í Svartfjallalandi, Heimsmeistaramóti fullorðinn í Dubai og loks Norðurlandameistaramót sem fram fer í Stavanger í lok nóvember.

Stjórn og landsliðsnefnd óska Maríu Helgu velfarnaðar í starfi.



María Helga og Reinharð, formaður KAÍ

Nýr landsliðspjálfi í kumite



Karatesamband Íslands hefur náð samkomulagi um ráðningu Sadik Sadik sem landsliðspjálfa í kumite. Hann er frá Svíþjóð og hefur verið sigursæll þar og í Búlgaríu ásamt því að hafa unnið til verðlauna á stórmótum. Hann er eigandi og yfirþjálfari í karateklúbb í Stokkhólmi en krakkarnir hans hafa einnig unnið til verðlauna á stórmótum.

Hann mun formlega hefja störf á næstkomandi Evrópumóti U21, þann 18. ágúst.

Við hlökkum til að vinna með þessum frábæra karatemanni og bjóðum hann velkominn í hóp íslenska landsliðsins.

Þórður í 9. sæti á EM U21 í karate

Þórður Jökull Henrysson varð um helgina í 9. sæti á Evrópumeistaramóti ungmenna í karate í Finnlandi. Þórður keppti í kata karla 18–20 ára.

Í fyrstu umferð varð Þórður í 2. sæti af átta keppendum, með 23,14 í einkunn af 30 mögulegum fyrir kata Nipaipo, og tryggði sig örugglega áfram í 16 manna úrslit. Í þeirri umferð náði Þórður eilítið hærri einkunn, 23,16 fyrir kata Anan, sem dugði honum í 5. sæti í riðlinum. Fjórir efstu fóru áfram í átta manna undanúrslit, en aðeins 0,16 stig skildu Þórð frá sæti í undanúrslitunum. Fimmta sæti í riðlinum dugði Þórði því í 9. sætið í floknum, sem er framúrskarandi árangur.

Í kata kepptu einnig þau Oddný Þórarinsdóttir í kata 16–17 ára stúlkna og Tómas Pálmar Tómasson í kata 16–17 ára pílta. Hafnaði Oddný í 29. sæti og Tómas Pálmar í 25. sæti í sínum flokkum.

Hugi hlutskarpastur Íslendinga í kumite

Hugi Halldórsson náði bestum árangri Íslendinga í kumite, bardagahluta karate, á mótinu. Hugi er nýorðinn 16 ára og keppti því í fyrsta sinn í flokki 16–17 ára pílta í +76 kg þyngdarflokki.

Karatesamband Íslands

Hann vann sinn fyrsta bardaga gegn Kýpverjanum Demetris Demetriades. Hugi komst yfir 2–0 snemma í bardaganum eftir vel útfært síðuspark og leiddi síðan allan bardagann. Þótt Kýpverjinn næði að saxa forskotið niður í 2–1 með punktgefandi höggi dugði það ekki til og Hugi fór áfram í 16 manna umferð. Þar mætti hann Dananum Daniel Bruun Pedersen, sem vann Huga með talsverðum yfirburðum. Daninn féll síðan naumlega úr leik gegn Pólverjanum Hubert Jarocki, sem vann bronsið, og viðureignir Huga urðu ekki fleiri.

Tveir aðrir Íslendingar kepptu í kumite á Evrópumeistaramótinu, þau Iveta Ivanova í kvennaflokki 18–20 ára, –55 kg, og Samuel Josh Ramos í flokki 16–17 ára pilta, –68 kg. Hvorugt þeirra komst áfram úr fyrstu umferð.

Fyrsta mót nýrra landsliðspjálfa

Evrópumeistaramótið var fyrsta mót nýrra landsliðspjálfa Karatesambands Íslands, Maríu Helgu Guðmundsdóttur í kata og Sadik Aliosman Sadik í kumite. Til gamans má geta að nemandi Sadiks úr félagsliði hans í Stokkhólmi, Matilda Rosenlind, vann Evrópumeistaratitil í kumite U21 árs kvenna með sænska landsliðinu.



Keppendur og þjálfarar á EMU21

Nýtt landslið í kumite

Æfingabúðir með nýjum landsliðspjálfa í kumite fóru fram dagana 10. – 12 september í fylkisselinu.



Um 26 karateiðkendar komu með þjálfurum sínum á fyrstu æfingarnar sem voru öllum opnar. Eftir þrjár langar og strangar æfingar valdi Sadik Sadik, landsliðspjálfi í kumite, 14 einstaklinga til að vinna með næstu mánuði og í verkefni til áramóta. Á sunnudeginum vann hann með þeim sem hann hafði valið að bættri tækni og taktík.

Karatesamband Íslands

Þeir sem ekki voru valdir nú um helgina gefst kostur á að æfa vel og sýna sig aftur í desember þegar hann mun hafa opnar æfingar á ný fyrir efnilega keppendur.

Þeir sem urður fyrir valinu að þessu sinni eru

frá Karatefélagi Reykjavíkur:

Elías Snorrason

Hugi Halldórsson

Davíð Steinn Einarsson

Viktoría Ingólfisdóttir

Ronja Halldórsdóttir

Nökkvi Benediktsson

Ísabella María Ingólfisdóttir

Embla Rebekka Halldórsdóttir

frá Karatedeild Fylkis:

Ólafur Engilbert Árnason

Iveta C. Ivanova

Samuel Josh Ramos

Alexander Rósant Hjartarson

Nökkvi Snær Kristjánsson

frá Þórshamri:

Hannes Hermann Mahong Magnússon





Næstu verkefni hjá kumitelandsliðinu eru æfingabúðir með landsliðspjálffaranum í Stokkhólmi 15. – 18. október, æfingar í Reykjavík fyrir og eftir ÍM og UMÍ í kumite 22. – 24. október, undirbúningur fyrir HM í Dubai 16. – 22. nóvember, Norðurlandameistaramót í Stavanger, Noregi 27. nóvember, WKF Youth League í Feneyjum fyrir 12-17 ára, 10. – 13. desember og loks æfingabúðir í Reykjavík 17. – 19. desember.

2. GrandPrix mót KAÍ 2021

2. GrandPrix mót KAÍ 2021 fór fram daga 2. og 3. október í Íþróttahúsi Síðuskóla, Akureyri.

Karatefélagi Akureyrar sá um undirbúning og aðstöðu fyrir mótið. Þetta er fyrsta mótið á vegum Karatesambandsins sem þar fer fram.

64 keppendur voru skráðir til leiks frá 7 félögum og mörg þeirra kepptu í báðum keppnisgreinum karate, kata og kumite.

Keppt var í kata á tveimur völlum á laugardeginum kl. 17-19 og í kumite á sunnudeginum frá 10-14, en á einum velli.

Nýir dómarar í kumite

Fimmtudaginn 30. september síðastliðinn stóð Karatesambandi fyrir dómaranámskeiði í kumite, Helgi Jóhannesson EKF Referee stóð fyrir námskeiðinu. Farið var yfir keppnisreglur WKF útgáfu 2020, auk þess sem nokkur video voru sýnd til að skýra reglur betur út. Góð þátttaka var á námskeiðinu og fóru 10 einstaklingar í skriflegt próf, af þeim fóru svo 3 í verklegt próf á GrandPrix mótinu sem haldið var á Akureyri 3. október. Stóðust þeir allir prófið með sóma.

Ný réttindi fengu;

Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik, Judge-B

Jóhannes Felix Jóhannesson, Breiðablik, Judge-A

Elías Snorrason, KFR, Referee-A



Frá dómaranámskeiðinu

ÍM og ÍMU í kumite 2021

ÍM og ÍMU í kumite fóru fram 23. október í Fylkisselinu, Norðlingholti. ÍM fullorðinn hófst kl. 10.00 og mótslok voru um kl. 12.30.

Um 20 keppendur voru skráðir til leiks á ÍM fullorðinna frá 5 karatefélögum og -deildum.

Hörku viðureignir voru á mótinu þar sem 2 ár eru frá síðasta Íslandsmeistaramóti í kumite.

Íslandsmeistarar urðu:

Kumite kvenna -61kg: Ronja Halldórsdóttir, KFR

Kumite karla -75kg: Hugl Halldórsson, KFR

Kumite Karla +75kg: Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamar

Kumite karla Opinn flokkur: Ólafur Engilbert Árnason, Fylki.



Ronja, Jón Ingi, Ólafur og Hugl.

Í stigakeppni félaga varð Fylkir hlutskarpast með 11 stig, KFR fékk 9 stig, Þórshamar 5 stig og KFA 1 stig.

Karatesamband Íslands



Sigurlið Fylkis

Mótsstjóri var María Jensen og yfirdómari Helgi Jóhannesson.

Íslandsmeistaramót unglunga 12-17 ára hófst klukkan 13.30 og lauk um kl. 17.00

46 keppendur voru skráðir til leiks frá 8 karatefélögum og -deilum. Það mót féll einnig niður á síðasta ári.

Margir ungir og efnilegir karatekeppendur tóku þátt og mátti sjá frábærar viðureignir á mótinu.

Íslandsmeistara unglunga urðu:

Kumite drengja 12 ár: Eyþór Hjalti Valgeirsson, Fylki

Kumite stúlkna 12 ára: Anna Kristín Guðlaugardóttir, Fylki

Kumite drengja 13 ára: Daði Logason, KFR

Kumite stúlkna 13 ára: Embla Rebekka Halldórsdóttir, KFR

Kumite pilta 14-15 ára -63 kg: Nökkvi Benediktsson, KFR

Kumite pilta 14-15 ára +63 kg: Alexander Rósant Hjartarson, Fylki

Kumite stúlkna 16-17 ára: Ísabella María Ingólfssdóttir, KFR

Kumite Pilta 16-17 ára: Hugli Halldórsson, KFR



Í stigakeppni félaga varð KFR hlutskarpast með 25 stig, Fylkir fékk 18 stig og ÍR 4 stig. Breiðablik og KFA fengu 2 stig og Víkingur og Þórshamar 1 stig hvort lið.



Sigurlið KFR

Mótsstjóri var María Jensen og yfirdómari Helgi Jóhannesson.

Þórður Jökull á Solna Karate Cup

Þórður Jökull Henrysson, landsliðsmaður í kata, tók þátt í Solna Karate Cup, Svíþjóð, laugardaginn 23. október.

Hann keppti bæði í kata fullorðinna og í U21 flokki, 18-20 ára. Þórður náði 3ja sæti í flokki U21 og því 7. í flokki fullorðinni eftir að hafa verið efstur í sínum riðli í fyrstu umferð.

Mótið er hluti af undirbúningi hans fyrir Heimsmeistaramótið sem fer fram í Dubai, 15.-21. nóvember næstkomandi þar sem hann keppir fyrir Íslands hönd.

Karatesamband Íslands



Þórður Jökull Henrysson

HM í karate 2021

Heimsmeistaramótið í karate fer fram í Dubai, Sameinuðu Arabísku furstadæmunun, dagana 15.-21. nóvember 2021.

Þrír keppendur frá Íslandi taka þátt í mótinu að þessu sinni.

Ólafur Engilbert Árnason í kumite karla -75kg flokki. Iveta Ivanova í kumite kvenna -55kg flokki og Þórður Jökull Henrysson í kata karla.

Ólafur keppir þriðjudaginn 16. nóvember, Iveta miðvikudaginn 17. nóvember og Þórður á fimmtudeginum.

Með í ferðinni eru landsliðsþjáfararnir María Helga Guðmundsdóttir í kata og Sadik Sadik í kumite.

Reinharð Reinharðsson, formaður karatesambandsins er fararstjóri í ferðinni en hann situr þing Alþjóða karatesambandsins á mánudag.



Reinharð, María, Iveta, Ólafur, Þórður og Sadik.

Ólafur keppti í dag, þriðjudag, og sigraði fyrstu viðureign gegn Piere Aboya frá Kamerún 9-7 á síðustu sekúndum, í nærri 6 mínútna bardaga.

Í næstu viðureign tapaði hann fyrir Nurkanat Azhikanov frá Kazakhstan 0-2. Sá datt síðan út tveimur viðureignum síðar og útséð um að Ólafur kæmist í uppreisn um 3ja sæti.

Nýir dómara í kumite

Á Grandprix mótinu 13. nóvember síðastliðinn kláruðu tvö dómaraefni verklegu prófin sín með sóma og eru komin með dómara réttindi í kumite. Skriflega hlutann tóku þeir á kumite dómara námskeiði 30. september og stóðust skriflegt próf þar.

Ný réttindi fengu;

Aron Bjarkason, Þórshamar, Judge-B

Hlynur Bjarnason, Breiðablik, Judge-B

Frábær árangur á NM í karate

Landslið Íslands í karate sótti tvo Norðurlandameistarátitla og fern önnur verðlaun á NM í Stavanger í gær.



Íslenski hópurinn í lok NM

Hugi Halldórsson varð Norðurlandameistari í kumite 16–17 ára pílta, -76 kg flokki. Í fyrstu umferð mætti hann Ragnari Audse frá Eistlandi og vann hann örugglega, 4–0. Í undanúrslitum barðist Hugi við Lettann Aleksandars Obernihins. Eftir snarpa og skemmtilega viðureign bar hann sigur úr býtum, 5–4, og tryggði sér sæti í úrslitum. Þar mætti hann öðrum eistneskum landsliðsmanni, Karl Erik Meltsas. Ekki hafði hann roð við Huga frekar en landi sinn. Lokatölur urðu 4–0 og Norðurlandameistarátitill í höfn.

Karatesamband Íslands

Hugi er fyrsti Íslendingurinn til að vinna Norðurlandameistaratitil í einstaklingskeppni síðan Jóhannes Gauti Óttarsson vann –70 kg flokk 14–15 ára pilta árið 2010. Þá er titill Huga aðeins sá þriðji í sögunni hjá Íslendingi í einstaklingsgrein. Fyrstur til afreksins varð Halldór Svavarsson í kumite karla –65 kg árið 1989. Þetta er sannarlega glæsilegur árangur hjá Huga, sem varð nýlega Íslandsmeistari í fullorðinsflokki aðeins 16 ára gamall.

Þá gerði kvennasveit Íslands í hópkata sér lítið fyrir og bætti við öðru gulli fyrir Ísland. Þær unnu öruggan sigur á liði Finna í úrslitum. Liðið skipa þær Freyja Stígisdóttir, Móey María Sigþórsdóttir McClure og Krístrún Bára Guðjónsdóttir. Ísland hefur einu sinni áður unnið Norðurlandameistaratitil í liðakeppni, þegar Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir og Kristín Magnúsdóttir unnu flokkinn árið 2012.

Karlalið Íslands í hópkata varð svo aðeins 0,06 stigum (af 30 mögulegum) frá því að bæta þriðja gullinu í safnið. Liðið, skipað Huga Halldórssyni, Birni Breka Halldórssyni og Nökkva Benediktssyni, hlaut 22,8 stig fyrir framkvæmd sína á kata Kururunfa gegn 22,86 stigum Norðmanna í úrslitum og stóð uppi með silfur.

Þrír ungir og efnilegir keppendur í kumite unnu einnig bronsverðlaun í sínum flokkum, þau Alexander Rósant Harðarson í 14–15 ára flokki -63 kg, Davíð Steinn Einarsson í 14–15 ára flokki -57 kg og Ronja Halldórsdóttir í 16–17 ára flokki -59 kg.

Einnig náðu þau Ronja Halldórsdóttir, Björn Breki Halldórsson, Tómas Pálmar Tómasson, Ísabella María Ingólfssdóttir og Nökkvi Benediktsson 5. sæti í sínum flokkum.



Hugi

Karatesamband Íslands



Kristrún, Freyja, Móey




Björn, Hugi, Nökkvi

Karatesamband Íslands



Ronja



Davíð



6 keppendur á WKF Youth League Venice

6 ungmenni á leið á WKF Youth League Venice 9. – 12. desember til að keppa fyrir Íslands hönd.



Ronja, Nökkvi, Daði, Alexander, Davið og Hugi.

Bestum árangri á mótinu náði Alexander Rósant Hjartarson, 7. sæti í Cadet kumite male -70kg flokki af 76 keppendum.

Aðrir keppendur stóðu sig vel á mótinu.

Með í ferðinni voru Sadik Sadik, landsliðsþjálfari í kumite, Elías Guðni Guðnason og Reinharð Reinharðsson fararstjórar.

Karatekona og karatemaður ársins 2021

Stjórn Karatesambands Íslands hefur valið eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2021



Ronja og Hugi

Karatekona ársins 2021: Ronja Halldórsdóttir, KFR.

Karatesamband Íslands

Ronja er ung og efnileg karatekona sem hefur verið að keppa bæði innanlands sem erlendis með góðum árangri. Hún keppir í báðum keppnisgreinum karate og var nálægt því að vinna til verðlauna í báðum greinum á Norðurlandameistaramótinu í ár.

Árangur Ronju á árinu:

3. sæti NM í kumite junior kvenna – 59 kg.

Bikarmeistari kvenna 2021

1. sæti á RIG 2021 kumite senior female -61 kg

1. sæti á RIG 2021 kumite junior female +53 kg

1. sæti ÍM kumite senior female -61 kg

2. sæti ÍMU í kata junior female

2. sæti ÍMU kumite female -59 kg

Hún er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar

Karatemaður ársins 2021: Hugi Halldórsson, KFR.

Hugi er vaxandi karatemaður sem keppir í báðum greinum karate. Hann er að stíga sín fyrstu spor sem junior (16-17 ár) keppandi og hefur náð frábærum árangri bæði innlands sem utan. Einnig hefur hann tekið þátt í fullorðinsmótum innanlands og verið sigursæll á árinu.

Árangur Huga á árinu:

1. sæti á NM í kumite Junior -76 kg

Bikarmeistari karla 2021

1. sæti á RIG 2021 kumite cadet male +63 kg

1. sæti á RIG 2021 kata male cadet

1. sæti ÍM kumite senior male -75 kg

1. sæti ÍMU kumite junior male +68 kg

2. sæti ÍMU í kata junior male

3. sæti ÍM kata senior male

Hann er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.

NEFNDIR

Aganefnd

Pétur Freyr Ragnarsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Willem Cornelis Verheul

Birkir Jónsson

Magnús K. Eyjólfsson

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Ævar Austfjörð

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Helgi Jóhannesson- formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Kristján Ó. Davíðsson

Landsliðsnefnd

Elías Guðni Guðnason – formaður

Stefán Alfreðsson

Telma Frímannsdóttir

Mótanefnd

María Jensen – formaður

Gyða Einarsdóttir

Gaukur Garðarsson

Kristján Örn Hilmarsson

Auður Ester Guðlaugsdóttir

Anna María Þórðardóttir

Sif Ólafsdóttir

Einar Örn Davíðsson

Landsliðspjálfarar

Sadik Aliosman Sadik – Kumite

María Helga Guðmundsdóttir – Kata

ÚRSLIT MÓTA Á ÁRINU 2021

Reykjavik International Games 2021 – Karate open

RIG 2021 Reykjavik International
Games Karate - 2021-01-31

RIG21 results

Individual kata Female 13 Years			
1	DÓRA ÞÓRARINSDÓTTIR	AFTURELDING KARATE	ISL • ICELAND
2	EYDÍS GLÖD GUDLAUGSDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKRANESS	ISL • ICELAND
3	ISABELLA MARÍA INGÓLFSÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	ISL • ICELAND
3	SIGRÚN EVA ÞÓR MAGNÚSDÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
5	SARA VIKTORIA HLIBARSDÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
Individual kata female cadets			
1	MARÍA BERGLAND	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ISL • ICELAND
2	ELISABET INGA HELGADÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
3	UNA ÞORG GARDARSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
3	SIGRÚN KAREN YEO	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ISL • ICELAND
5	SIGRÚN DALRÓS EIRÍKSÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ISL • ICELAND
Individual kata female juniors			
1	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSÓTTIR	FJÖLNIR KARATE	ISL • ICELAND
2	RONJA HALLDÓRSÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
3	KRISTRÚN BÄRA GUDJÓNSÓTTIR	KARATEFÉLAG AKRANESS	ISL • ICELAND
INDIVIDUAL KATA FEMALE SENIORS			
1	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSÓTTIR	FJÖLNIR KARATE	ISL • ICELAND
2	FREYJA STIGSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	ISL • ICELAND
3	MARÍA HELGA GUDMUNDSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	ISL • ICELAND
3	RONJA HALLDÓRSÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
5	KRISTRÚN BÄRA GUDJÓNSÓTTIR	KARATEFÉLAG AKRANESS	ISL • ICELAND
5	MÖEY MARÍA SIGÞÓRSÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
Individual kata Male 13 Years			
1	ÚLFUR KÁRI ÁSGEIRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
2	FRÓÐI VATTNES	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
3	GABRIEL SIGURÐUR PÁLMASSON	FJÖLNIR KARATE	ISL • ICELAND
3	BIRGIR ÖRN JÓNASSON	KARATEFÉLAG AKRANESS	ISL • ICELAND
Individual kata male cadet			
1	HUGI HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
2	NÖKKVI BENEDIKTSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
3	BJÖRN HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND
3	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
5	RÓBERT DENNIS SOLOMON	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
5	VICTOR ANH DUC LE	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	ISL • ICELAND
Individual kata male juniors			
1	TÓMAS PÁLMASSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
2	TÓMAS ARON GÍSLASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
3	HAKON GARDAR GAUKSSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD	ISL • ICELAND
3	KRISTJÁN SKÍRNIR KRISTJÁNSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL • ICELAND

**RIG 2021 Reykjavik International
Games Karate - 2021-01-31**
RIG21 results

INDIVIDUAL KATA MALE SENIORS				
1	TÓMAS PÁLMAR TÓMASSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
2	PÓRDUR JÓKULL HENRYSSON	AFTURELDING KARATE		ISL - ICELAND
3	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	TÓMAS ARON GISLASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
5	HAKON GARDAR GAUKSSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
Kumite cadet female +47kg				
1	MARÍA BERGLAND	KARATEFÉLAG AKUREYRAR		ISL - ICELAND
2	VIKTÓRIA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
Kumite cadet male +63kg.				
1	HUGI HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ANDRI BLÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	NÖKKVI SNÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
Kumite cadet male -63kg.				
1	NÖKKVI BENEDIKTSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ALEXANDER RÓSANT HJARTARSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	VALUR KRISTINN STARKADARSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	BJÖRN HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
KUMITE FEMALE 13 YEARS +45 KG				
1	ISABELLA MARÍA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	JADYA BADIJI NAGUA	ÍÞRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
kumite junior female +53kg				
1	RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ISOLD KLARA FELIXDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
Kumite junior male +68kg.				
1	BJÖRGVIN SNÆR MAGNÚSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR		ISL - ICELAND
2	HANNES HERMANN MAHONG MAGNÚSSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	HUGI TÖR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE		ISL - ICELAND
Kumite junior male -68kg.				
1	SAMUEL JOSH RAMOS	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	AGUST VALFELLS	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	KRISTJÁN SKIRNIR KRISTJÁNSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
KUMITE MALE 13 YEARS +55 KG				
1	DAVÍÐ STEINN EINARSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	ELVAR HRAFN VALGEIRSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	FRÓÐI VATTNES	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	ÚLFUR KÁRI ÁSGEIRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND

RIG 2021 Reykjavik International
Games Karate - 2021-01-31

RIG21 results

Kumite Senior female - 61 kg				
1	RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ISOLD KLARA FELIXDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	HJÖRDIS HELGA ÆGISDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA		ISL - ICELAND
3	AZIA SÖL ADAMSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
Kumite Senior male +75kg.				
1	ELIAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ÞÓRSTEINN FREYGARÐSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
Kumite Senior male -75kg.				
1	SAMUEL JOSÉ RAMOS	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	BJÖRGVIN SNÆR MAGNÚSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR		ISL - ICELAND

1. Bikarmót KAÍ 2021

1. Bikarmót KAÍ 2021 - 2021-02-27

BM1_2021

Kata 16-17 ára piltar

1	TÓMAS PÁL MAR TÓMASSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
2	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	ALEXANDER BENDTSEN	IPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	RÓBERT DENNIS SOLOMON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
5	HAKON GARDAR GAUKSSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
5	ÞORGEIR ATLI KÁRASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
7	VALUR KRISTINN STARKADARSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞORSHAMAR		ISL - ICELAND

Kata 16-17 ára stúlkna

1	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE		ISL - ICELAND
2	RONJA HALLDÓRSÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	VIKTÓRIA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND

kata karía

1	ÞÓRÐUR JÓKULL HENRYSSON	AFTURELDING KARATE		ISL - ICELAND
2	TÓMAS PÁL MAR TÓMASSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	TÓMAS ARON GISLASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
5	HUGI HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
7	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
7	RÓBERT DENNIS SOLOMON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND

Kata kvenna

1	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE		ISL - ICELAND
2	RONJA HALLDÓRSÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	KRISTRÚN BÄRA GUÐJÓNSDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKRANESS		ISL - ICELAND
3	MOEY MARÍA SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
5	VIKTÓRIA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND

Kumite 16-17 ára piltar.

1	NÓKKVI SNÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	BJÖRGVIN SNÆR MAGNÚSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR		ISL - ICELAND
3	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	ANDRI BLÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
5	NENAD KNEZEVIC	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
5	DANIEL KARLES RANDVERSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR		ISL - ICELAND
7	HUGI TÖR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE		ISL - ICELAND

Kumite 16-17 ára stúlkna

1	ISOLD KLARA FELIXDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	VIKTÓRIA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	RONJA HALLDÓRSÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
4	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE		ISL - ICELAND

Karatesamband Íslands

1. Bikarmót KAÍ 2021 - 2021-02-27

BM1_2021

Kumite karla			
1	SAMUEL JOSH RAMOS	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND
2	NÖKKVI SNÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND
3	ÞORSTEINN FREYGARÐSSON	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND
3	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL - ICELAND
5	HARALDUR SVEINN RAFNAR KARLSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ISL - ICELAND
5	ANDRI BLÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND
7	DANIEL KARLES RANDVERSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ISL - ICELAND
Kumite kvenna			
1	VIKTORIA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND
2	RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ISL - ICELAND
3	ISOLD KLARA FELIXDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	ISL - ICELAND

1. GrandPrix mót KAÍ 2021

1. GrandPrixmót KAÍ 2021 - 2021-03-06

Official Results

KATA 12 ÁRA PILTA

1	JÓN BERGUR AGNESAR GUNNARSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ADAM ÓMAR ÓMARSSON	ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	JAKOB HANNA	KARATEFÉLAG AKRANESS		ISL - ICELAND
3	INGIBJÖRN NATAN GUDMUNDSSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
5	ÞORLEIFUR GUNNAR WERNERSSON	ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
5	ÚLFUR HNEFILL ÓMARSSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
7	EMIL ARTHUR JÚLISSON	KARATEDEILD HAUKA		ISL - ICELAND

KATA 12 ÁRA STÚLKNA

1	EMILY NGAN THIEN NGUYEN	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	GABRIELA ORA GUTRAIMAN	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	NADIA FURTA	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	ARNA KRISTÍN ARNARSDÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
5	GLÓDIS ÁRNADÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND

KATA 13 ÁRA PILTA

1	DADI LOGASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	EDVARÐ EGILL FINNSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	IAKUB KOBIELA	ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	MILJIA PUSIC	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
5	ADAM AGNARSSON	KARATEFÉLAG AKRANESS		ISL - ICELAND
5	ÓSKAR INGI AGNESAR GUNNARSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
7	SIGURÐUR ÍSAK HLYNSSON	KARATEDEILD HAUKA		ISL - ICELAND
7	ELÍAS BURGOS	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND

KATA 13 ÁRA STÚLKNA

1	EMBLA REBERKA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
